

Á að rota rísandi stjörnu?

Eftir Bjarnheiði Hallsdóttur

Eftir Bjarnheiði Hallsdóttur: "Þessi málflutningur allur er með hreinum ólíkindum og settur fram af mikilli vanþekkingu á eðli og sögu ferðapjónustunnar í landinu..."

Frá Fjármálaráðuneytinu berast nú þau tíðindi að fyrirhugað sé að hækka virðisaukaskatt á gistingu í landinu úr 7% í 25,5% frá og með 1. júní 2013. Rök fjármálaráðherra eru sú að atvinnugreinin hafi vaxið mjög mikið, hafi verið á afsláttarkjörum, notið sérstakrar ívilnunar í formi lægra þreps virðisaukaskatts og hafi þar með notið ríkisstyrks síðan árið 2007, þegar virðisaukaskattur var færður niður úr 14% í 7%. Nú sé hins vegar tími til kominn að greinin vaxi og dafni á „eðlilegum forsendum“, eins og ráðherra kýs að orða það. Þessi málflutningur allur er með hreinum ólíkindum og settur fram af mikilli vanþekkingu á eðli og sögu ferðapjónustunnar í landinu, þýðingu hennar fyrir þjóðarhag, almenn rekstrarskilyrði hennar og af vanvirðingu við þá sem stunda ferðapjónusturekstur í landinu.



Bjarnheiður Hallsdóttir

Til að gera langa sögu stutta, þá hefur ferðapjónusta á Íslandi alla tíð búið við erfitt og óstöðugt rekstrarumhverfi. Samkeppni hefur alltaf verið hörð, verðlag á Íslandi hátt og gengi krónu oftast en ekki verið mjög sterkt, en umfram allt hefur óstöðugleiki í gengismálum valdið ómældu tjóni. Ísland hefur alla tíð verið með dýrustu ferðamannalöndum í heiminum og það er ekki af því að Ísland hafi verið að bjóða bestu þjónustuna heldur af því að verðlag innanlands og skattlagning hefur verið í hærrí kantinum auk þess sem flugfargjöld hafa verið há.

Eftir hrun og eftir fjölmiðlaumfjöllun um allan heim í kjölfar eldgosa, hefur ferðapjónustan tekið kipp. Loksins varð verð á Íslandsferðum viðráðanlegt. Eftir gengishrun krónunnar þurftum við, sem stöndum í sölu á Íslandsferðum erlendis, ekki að hækka verð á milli ára, heldur gátum við lækkað það. Og árangurinn lét ekki á sér standa. En þrátt fyrir þetta er Ísland ennþá dvergriki í ferðapjónustu miðað við önnur ríki í Evrópu, og því enn eftir miklu að slægjast sé rétt á málum haldið.

Árið 2012 stefnir í metár hvað varðar fjölda gesta á Íslandi. Aldrei hefur ferðapjónustan fengið jafnmikla athygli og fjölmiðlaumfjöllun og um þessar mundir, enda litið til hennar sem efnahagslegs bjargvættar fallinnar þjóðar. Auðvitað hafa augu stjórnvalda einnig beinst að atvinnugreininni og nú er lag að krækja í enn stærri bita af kökunni en þau smjatta á nú þegar.

En af hverju á ekki að hækka virðisaukaskatt á gistingu?

Verð á gistingu mun hækka, sem hækkuninni á virðisaukaskatti nemur. Það að halda því fram að hækkun virðisaukaskatts um rúmlega 18,5 % eins og fjármálaráðherra hélt fram hafi engin áhrif á verðlagningu lýsir yfirgripsmikilli vanþekkingu á atvinnugreininni.

Útsöluverð erlendis á vinsælli vikuhringferð um Ísland árið 2013 þyrfti að hækka um a.m.k. 10% til að rekstaraðilar gististaða gætu staðið skil á virðisaukaskattinum.

Ferðapjónustan er mjög verðnæm. Hækki verð þá minnkar eftirspurn, lækki verð þá eykst hún.

Samkeppnisstaða Íslands erlendis leyfir ekki þessa verðhækkun. Ferðamenn, hvemig sem við kjósum að flokka þá og skilgreina, láta ekki hafa sig að fíflum og munu einfaldlega leita annað.

Merkilegt nokk þá standa erlendir ferðamenn ekki í röðum og bíða eftir því að komast til Íslands, þvert á það sem margir virðast halda. Hver ferðamaður sem kemur til landsins er afrakstur áralangrar og þrotlausrar markaðsvinnu íslenskra og erlendra ferðapjónustufyrirtækja.

Ferðamönnum mun fækka og allar forsendur sem ríkisstjórnin gefur sér við að reikna út hagnað við þessa skattahækkun bresta.

Draga mun úr eftirspurn Íslendinga eftir gistirými innanlands og mun hærra verð hvetur Íslendinga til að ferðast frekar til útlanda heldur en innanlands. Nógu dýrar eru innanlandsferðir fyrir. Á þetta bæði við um einstaklinga og fundi og aðrar samkomur á vegum fyrirtækja.

Flest okkar samkeppnislönd eru með lágan virðisaukaskatt á gistingu. Það er til þess að styðja við og efla ferðapjónustuna sem flestir eru sammála um að sé þjóðhagslega mjög mikilvæg hverju landi og svæði. Hún skapar störf, bæði beint og óbeint og hefur þannig víðtæk áhrif á atvinnulíf í mörgum greinum um allt land – oft er talað um ruðningsáhrif í þessu samhengi. Nægir þar að nefna verslun og innlenda framleiðslu af öllu tagi.

Hótel og aðrir gististaðir munu verða gjaldþrota, störf í allri ferðapjónustunni munu tapast, ekki síst úti á landsbyggðinni, þar sem líklegt má telja að dvöl erlendra gesta á landinu mun styttest, þ.e. gistináttum fækka og verða í mestum mæli á höfuðborgarsvæðinu.

Afleiðingarnar munu verða gríðarlegar og kannski ekki allar fyrirjáanlegar. Ákveði ríkisstjórnin þrátt fyrir allt þetta og í algerri ósátt við atvinnugreinina að hækka skattinn, þá er það lágmarks kurteisni að það verði gert þannig að fyrirtækin í greininni geti undirbúið sig, kynnt þessa hækkun tímanlega fyrir söluaðilum erlendis, geti sagt upp starfsfólki og almennt dregið saman seglin, sem yrði óhjákvæmileg afleiðing þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar. Það er búið að selja árið 2013 að stærstum hluta og gildistaka skattsins 1. júní árið 2013 yrði rothögg fyrir mörg fyrirtæki á Íslandi.

Höfundur er annar eigandi Katla Travel GmbH í München, Katla DMI ehf. og Viator ehf. og stundakennari í ferðamálafræði við HÍ.